

Nd.

384. Nefndarálit

[127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn vísa til nefndarálits sjálfstæðismanna í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar á þingskjöllum 318 og 362 þar sem grein er gerð fyrir sjónarmiðum og stefnu sjálfstæðismanna í skattamálum:

1) Að tekjuskattar verði afnumdir í áföngum á almennum og miðlungs launa-tekjum.

2) Að tekjuskattar verði verulega lækkaðir á láglounafólki og svigrúm aukið til þess að nýta persónuafslátt til greiðslu opinberra gjalda.

3) Að heildarskattprósenta beinna skatta, tekjuskatts, útsvars, sjúkratrygginga-gjalds o. s. frv. fari ekki fram úr 50%.

Í samræmi við þetta lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram breytingartillögur við frunvarpið sem ekki náðu fram að ganga og voru felldar af ráðherrum og stjórnarþingmönnum.

Við viljum enn freista þess að koma fram stefnu Sjálfstæðisflokksins og flytjum því breytingartillögur við frv. á þskj. 380 varðandi skattstigana þannig að vinstri-stjórnarskattarnir verði felldir niður.

Þá viljum við enn fremur freista þess að koma fram sérstakri lagfæringu á skattlagningu þeirra, sem lægst hafa launin, námsmanna og sparifjáreigenda.

Yrðu tillögur okkar samþykktar væri það nokkur lagfæring á þeim auknu skattaálögum, sem núverandi og fyrrverandi ríkisstj. hafa staðið fyrir, og verðug kveðja til launþegasamtakanna í tilefni morgundagsins. Gæti það stuðlað að lausn þeirra vandamála, sem þau hafa við að glíma.

Alþingi, 30. apríl 1980.

Matthías Á. Mathiesen,
frsm.

Sverrir Hermannsson.

Albert Guðmundsson.